

**Fasteignir forsætisráðuneytis**

01 201

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	6
Starfsþáttayfirlit .....	7
Skýringar .....	8

**Fasteignir forsætisráðuneytis**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón**

**Forsætisráðuneytis**

**kt. 550169-1269**

**Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fasteignir forsætisráðuneytis er fjárlagaliður sem flokkast sem ríkisaðili í A1- hluta. Fjárlagaliðurinn starfar undir umsjón Forsætisráðuneytisins. Hlutverk er að annast fasteignir forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðsins og hafa umsjón með öryggismálum í byggingum Stjórnarráðsins.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfspáttayfirliti.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 197,2 milljónir og afkoma kr. -6,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 7,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 710,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fasteigna forsætisráðuneytis fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Benedikt Árnason  
ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	190.400.000	158.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	<u>6.797.663</u>	<u>7.340.208</u>
<b>Tekjur samtals</b>		197.197.663	165.940.208
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	3	53.634.158	59.875.001
Annar rekstrarkostnaður .....	4	142.869.833	121.919.747
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		30.529	365.465
Afskriftir og niðurfærslur .....	5	<u>6.797.663</u>	<u>7.340.208</u>
<b>Gjöld samtals</b>		203.332.183	189.500.421
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>(6.134.520)</u></u>	<u><u>(23.560.213)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Viðskiptakröfur .....		1.857.533	392.456
Tengdir aðilar .....	6	221.114.995	159.915.064
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	487.011.472	265.756.682
<b>Eignir samtals</b>		<u>709.984.000</u>	<u>426.064.202</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	6	2.200.870	2.922.227
Viðskiptaskuldir .....		48.368.233	13.212.330
Ýmsar skammtímaskuldir .....	8	(1.821.303)	(238.738)
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	9	653.776.454	396.574.117
<b>Skuldir samtals</b>		<u>702.524.254</u>	<u>412.469.936</u>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		7.459.746	13.594.266
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	10	7.459.746	13.594.266
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>7.459.746</u>	<u>13.594.266</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>709.984.000</u>	<u>426.064.202</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(6.134.520)	(23.560.213)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	5	6.797.663	7.340.208
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(6.797.663)	(7.340.208)
		<u>(6.134.520)</u>	<u>(23.560.213)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.465.077)	(392.456)
Tengdir aðilar .....		(25.973.741)	33.607.649
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		33.573.338	(9.654.980)
		<u>6.134.520</u>	<u>23.560.213</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(5.208.370)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		(222.844.083)	(174.639.743)
		<u>(228.052.453)</u>	<u>(174.639.743)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		228.052.453	174.639.743
		<u>228.052.453</u>	<u>174.639.743</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	190.400.000	264.000.000	454.400.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>190.400.000</b>	<b>264.000.000</b>	<b>454.400.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	13.594.266	130.817.435	144.411.701
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>203.994.266</b>	<b>394.817.435</b>	<b>598.811.701</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(196.534.520)	(228.052.453)	(424.586.973)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>7.459.746</b>	<b>166.764.982</b>	<b>174.224.728</b>

## Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2023, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Fasteignir forsætisráðuneytis 01 201 101 Málefnasvið - málaflokkur 03 30	Framkvæmdir við fasteignir 01 201 621 03 30	Samtals 2023
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	190.400.000	0	190.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	6.797.663	0	6.797.663
<b>Tekjur samtals</b>	<b>197.197.663</b>	<b>0</b>	<b>197.197.663</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	53.634.158	0	53.634.158
Annar rekstrarkostnaður .....	142.869.833	0	142.869.833
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	30.529	0	30.529
Afskriftir .....	6.797.663	0	6.797.663
<b>Gjöld samtals</b>	<b>203.332.183</b>	<b>0</b>	<b>203.332.183</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>	<b>(6.134.520)</b>	<b>0</b>	<b>(6.134.520)</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>(6.134.520)</b>	<b>0</b>	<b>(6.134.520)</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:

Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	190.400.000	0	190.400.000
Fjárveiting til tekna .....	190.400.000	0	190.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(196.534.520)	0	(196.534.520)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs</b> .....	<b>(6.134.520)</b>	<b>0</b>	<b>(6.134.520)</b>
Staða fjárveitinga 2022 í lok þess árs .....	13.594.266	0	13.594.266
<b>Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	7.459.746	0	7.459.746
	<b>7.459.746</b>	<b>0</b>	<b>7.459.746</b>
<b>Fjárfestingar</b>			
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum .....	60.500.000	169.000.000	229.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	34.500.000	0	34.500.000
Fjárfesting á árinu .....	(228.052.453)	0	(228.052.453)
<b>Staða fjárfestingafjárveitingar</b> .....	<b>(133.052.453)</b>	<b>169.000.000</b>	<b>35.947.547</b>
Staða fjárfestinga 2022 í lok þess árs .....	(8.182.565)	139.000.000	130.817.435
<b>Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2023</b> .....	<b>(141.235.018)</b>	<b>308.000.000</b>	<b>166.764.982</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.



# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	0-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Starfspáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfspáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	190.400.000	158.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	6.797.663	7.340.208
	<u>197.197.663</u>	<u>165.940.208</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	190.400.000	0	0	190.400.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>190.400.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>190.400.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(196.534.520)	0	0	(196.534.520)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(6.134.520)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(6.134.520)</b>

	2023	2022
<b>3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	44.679.490	54.098.571
Orlof, breyting .....	(1.582.565)	(6.877.337)
Launatengd gjöld .....	10.178.083	12.209.277
Starfsmannakostnaður .....	359.150	444.490
	<u>53.634.158</u>	<u>59.875.001</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	3,0	4,0

### 4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	13.056	26.245
Byggingarvörur, almennar .....	600.848	69.355
Byggingarvörur, aðrar .....	0	26.497
Tæki og búnaður til innréttinga .....	165.684	26.344
Ýmis tæki og áhöld .....	3.712.889	876.535
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	277.432	126.451
Orkugjafar .....	4.152.703	3.778.806
Matvæli .....	95.806	377.546
Almennar rekstrarvörur .....	2.314.760	873.470
Vörukaup, almenn	<u>11.333.178</u>	<u>6.181.249</u>
Kennslu- og föndurvörur .....	108.605	9.920
Ýmsar sérgreindar vörur .....	19.814	60.136
Vörukaup, sérgreind	<u>128.419</u>	<u>70.056</u>
Ferðir, uppihald .....	216.238	262.343
Akstur .....	56.545	52.034
Sérfræðipjónusta .....	47.637.418	7.328.030
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	4.310	404
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	61.154	68.204
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>47.975.665</u>	<u>7.711.015</u>

## Skýringar

	2023	2022
<b>4 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)</b>		
Afnotagjöld .....	3.853.412	4.804.822
Leigugjöld .....	94.322	1.858.476
Notkun véla og flutningatækja .....	3.194.609	4.685.200
Verkkaup .....	93.602.027	90.833.565
Kostnaðarhlutdeild .....	0	344.068
Tryggingar, lögboðnar .....	519.634	409.609
Opinber gjöld .....	5.680.567	5.021.687
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	106.944.571	107.957.427
Hlutdeild annarra í kostnaði .....	(23.512.000)	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	142.869.833	121.919.747
<b>5 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	6.753.600	7.292.595
Farartæki og vélar .....	6.899	6.899
Aðrar eignir .....	37.164	40.714
	6.797.663	7.340.208
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>6 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	220.808.509	159.595.078
Aðrir ríkisaðilar .....	306.486	319.986
	221.114.995	159.915.064
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	2.200.870	2.922.227
	2.200.870	2.922.227

## Skýringar

**31.12.2023**                      **31.12.2022**

### 7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	25.442.573	31.947.803
Farartæki og vélar .....	40.250	47.149
Aðrar eignir .....	6.118.001	1.195.165
	<u>31.600.824</u>	<u>33.190.117</u>
Verk í vinnslu, fasteignir.....	455.410.648	232.566.565
	<u>487.011.472</u>	<u>265.756.682</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	107.047.983	68.995	1.852.799	108.969.777
Viðbætur á árinu .....	248.370	0	4.960.000	5.208.370
	<u>107.296.353</u>	<u>68.995</u>	<u>6.812.799</u>	<u>114.178.147</u>
Afskriftir 01.01.2023 .....	75.100.180	21.846	657.634	75.779.660
Afskrift ársins .....	6.753.600	6.899	37.164	6.797.663
	<u>81.853.780</u>	<u>28.745</u>	<u>694.798</u>	<u>82.577.323</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>25.442.573</u>	<u>40.250</u>	<u>6.118.001</u>	<u>31.600.824</u>

**31.12.2023**                      **31.12.2022**

### 8 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	(1.821.303)	(238.738)
	<u>(1.821.303)</u>	<u>(238.738)</u>

### 9 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

**31.12.2023**                      **31.12.2022**

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	487.011.472	265.756.682
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	166.764.982	130.817.435
	<u>653.776.454</u>	<u>396.574.117</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	265.756.682	130.817.435	396.574.117
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	264.000.000	264.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu .....	222.844.083	(222.844.083)	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	5.208.370	(5.208.370)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(6.797.663)	0	(6.797.663)
	<u>487.011.472</u>	<u>166.764.982</u>	<u>653.776.454</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 6,4 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

## Skýringar

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	13.594.266	37.154.479
Afkoma ársins .....	(6.134.520)	(23.560.213)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>7.459.746</u>	<u>13.594.266</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 11 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hafa verið gerðir.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.